

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/873
komudagur 22.1.2004

Nefndasvið Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari.
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. janúar 2004.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um aðild starfsmanna að Evrópufélögum, 130. löggjafarþing 2003-2004, þskj. 540 – 402. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar, en frumvarpið er samið í félagsmálaráðuneytinu. Frumvarpið er nátengt frumvarpi viðskiptaráðherra um Evrópufélög, sbr. þskj. 214 – 203. mál.

Hinn 8. október 2001 samþykkti Evrópusambandið reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 um samþykktir fyrir Evrópufélög. Jafnhliða var samþykkt tilskipun nr. 2001/86/EB um viðbætur við samþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna. Með ályktun sinni þann 13. desember 2002 samþykkti Alþingi að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2002 frá 25. júní 2002 um breytingu á XVIII. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og til að fella inn í samninginn áður nefnda tilskipun ráðsins 2001/86/EB.

Lagafrumvarpið, sem byggt er á ákvæðum tilskipunar nr. 2001/86/EB, hefur það markmið að vernda rétt starfsmanna Evrópufélaga til aðildar að málum og ákvörðunum sem varða starfsemi Evrópufélagsins sem þeir vinna hjá og að tryggja að gildandi reglur um aðild starfsmanna hvorki hverfi né minnki að vægi við stofnun Evrópufélagsins, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Er þetta einkum gert með því að tryggja starfsmönnum þeirra félaga, sem að Evrópufélaginu standa (þáttökufélaga), aðkomu að mótun tillagna um aðild starfsmanna í Evrópufélaginu, í gegnum sérstaka samninganefnd, sbr. II. kafla frumvarpsins. Jafnframt er leitast við að tryggja starfsmönnum rétt til þess að fá aðgang að tilteknum upplýsingum um Evrópufélagið og þáttökufélög þess, svo og um áform þeirra varðandi Evrópufélagið.

Evrópufélög eru nýtt félagiform á Íslandi og þar sem bein þátttaka starfsmanna í stjórn fyrirtækja hefur almennt ekki tíðkast á íslenskum vinnumarkaði, í það minnsta ekki samkvæmt gildandi löggjöf um hlutafélög og einkahlutafélög, þá eru ekki líkur til þess að réttindi íslenskra starfsmanna minnki með tilkomu lagasetningar um aðild starfsmanna að Evrópufélögum. Þvert á móti má ætla að innleiðing reglna um aðild starfsmanna að slíkum félögum kunni í einhverjum tilvikum að leiða til þess að réttindi íslenskra starfsmanna aukist frá því sem nú er.

Að framangreindu virtu gerir laganefnd LMFÍ ekki sérstakar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður